




ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 26 — JÚNÍ '83



Útgefandi **ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN**, félag íslenskra áhugamanna um fjallamennsku, pósthólf 4186, Reykjavík, Ísland.

Blað þetta kemur út í byrjun 3ja hvers mánaðar. Efni í það þarf að berast ritnefnd fyrir 1 næsta mán. fyrir útkomu blaðsins.

Stjórn ÍSALP:

Formáður:	Guðjón Magnússon s. 22229
Gjaldkeri:	Halldór Guðmundsson s. 96090
Ritari:	Magnús Guðmundsson s. 26357
Varaformaður:	Torfi Hjaltason s. 24204
Meðstjórn:	Vilborg Hannesdóttir s. 40684
	Róbært Tómasson s. 36588
Ferðanefnd:	Guðjón Ó. Magnússon Torfi Hjaltason Pétur Asbjörnsson Hreinn Magnússon s. 20286
Skálaneftnd:	Guttormur Þórarinsson Form. s. 20466 Guðjón Ó. Magnússon Jón Geirsson, s. 42133 Jón H. Ólafsson, s. 36082 Jón Rafnsson, s. 75311

Ritnefnd:

Ábyrgðarmaður:	Þorsteinn Guðjónsson s. 32666
Aðrir í ritnefnd:	Helgi Reynisson s. 77599
	Ólafur Guðmundsson 79054
	Ólafur Baldursson s. 13708

Fræðslunefnd:

Torfi Hjaltason
Helgi Benediktsson
Arnór Guðbjartsson

Prentun: Repró/Formprint



Forsíðumyndin: — Ísklifur í Grafarfossi.

Ljósmynd Hreinn Magnússon

Efnisyfirlit:

Frá stjórninni	3
Félagsstarfð	4
Samt, aðeins um fjallgöngur	8
Myndopna	14
Ársskýrsla	16
Um ísklifur, gráður o. fl.	18
Starfsreglur fararstjóra	29
Grafarfossinn	30

Frá stjórninni

Válegir atburðir í Botnssúlum.

Eins og flestum er sjálfsagt kunnugt var skáli ÍSALP, Bratt, fluttur upp í Botnssúlum í marsmánuði síðastiðnum. Kostaði það ærið erfiði og umstang að koma húsinu uppeftr en hita og þunga af því starfi báru björgunarsveitirnar Ingólfur og Hjálparsveit skáta í Reykjavík, sem lögðu til snjóbila og járdýtu. Flugbjörgunarsveitin lagði einnig til vélsleða. Skálanum var komið fyrir þar sem áætlað hafði verið og hann festur á grunninum til bráðabirgða. Ekki var gengið endanlega frá festingum þar sem til stóð að hagræða skálanum á grunninum í sumar, en það var ekki haðt að gera í vetur með góðu móti vegna aðstæðna allra. Þó var gengið það tryggilega frá að venjulegur vetrarstormur myndi ekki verða honum að grandi. En sunnudaginn 17. apríl gerði fárvíðri af norðaustri og var mjög hvassit í Hvalfirði. Fauk m. a. þak af úthúsi í Brynjadal. Í þessu veðri fauk Bratt og eyðilagðist. Virðist hann hafa svipst af grunninum í heilu lagi og brotnað svo þegar hann kom niður. Má telja það lán að enginn var í húsinu þegar þetta gerðist. Að sögn bænda í Brynjadal þá var þetta versla veður sem þar hefur komið í áraðadir. Engin vitni voru að þessum atburði en ekki er öðrum veðrum til að dreifa. Helgina fyrir voru menn í húsinu og helgina efur komu menn að brakinu.

Þetta er mikið áfall fyrir Alpaklúbbinn og mikil vinna og peningar sem þarna fara fyrir lítið. Húsið var brunatryggt en ekki foktryggt, enda erfitt að fá slika tryggingu. Laugardaginn 30. apríl fór 9 manna hópur á vegum ÍSALP uppeftr og kannaði aðstæður og safnaði saman brakinu. Ljóst er að haðt er að nýta eitthvað af þeim efnivið sem þar er í nýja skálabyggingu en það er líka ljóst að kaupa þarf meirihluta efnis í nýjan skála. Því nýjan skála verður að reisa, ekki þýðir að gefast upp við svo biúð. Það mun kosta peninga, vinnu og erfiði. Vinnuna og erfiði eru margir tilbúnir að leggja á síg og peninga geta vonandi flestir látið einhverja af mörkum. Ef allir eru tilbúnir að fórn einhverju, þá verðum við ekki lengi að vinna þetta áfall upp.

Ekki er enn afráðið um næsta leik í stöðunni. En menn vilja smíða nýtt húsi. Sú stutta reynsla sem fékkst að Bratta sýndi, að fáir staðir eru hentugri en Sílurnar og flestar eða allar helgar gisti einhverjur húsið. Einkunnarorð ÍSALP í sumar verða því: NÝJAN BRATTA Í BOTNSSÚLUR!

Magnús Guðmundsson.

Félagsstarf

Fréttir af Bratta

Vetrarfjallamennsku námskeið 26.–27. feb.

Eftir langan aðdraganda komst „Bratti“, skáli Ísalp í Súlnadal loks á leiðarena. Með í flutningunum voru snjóþílarnir, Prasi, Brasi og einn nafnlaus frá Slysavarnafélaginu Ingólfí, snjóbíll frá Hjálparsveitinni í Reykjavík, snjóbíll frá Erlingi í Kyndli, vélsleði frá Flugbjörgunarsveitinni í Reykjavík, um 20 manna lið frá Ísalp og síðast en ekki síst, 24 tonna jarðýta sem bar hita og þunga af drættinum.

Lagt var af stað snemma laugardagsmorguninn 12. mars frá Svartagili við Þingvelli í þoku, súld og talsverðum hita. Snjóleysið í nokkrum brekkum og opnir lækjarfarvegir ásamt þokunni tafði fyrir okkur, en þrátt fyrir að hálft brósulega gekk að komast upp Súlnadalinn var Bratti kominn undir Bröttuhlíð um kl. 23.00. Lítíð annað þurfti að gera en að skella skálanum ofan á grunninn og festa hann niður, en ádur var búið að fara og ganga frá honum. Öllum þeim sem tóku þátt í flutningunum og stuðluðu að gerð þessa skála eru veittar innilegar þakkir.

En Bratti stóð ekki nema stutt við, því helgina 16.–17 apríl gerði fárviðri í Botns-súlum og þar með var sögu Bratta lokið. Skálinn fauk og gjöreyðilagðist. Fátt nýtilegt var eftir, en þó mun vera möguleiki á að nýta eitthvað af timbrinu.

Það má geta þess í lokin að veðurhamurinn var svo gífurlegurá þessum slóðum að úthús í Brynjadalnum fuku. G.Ó.M. og P.G.

Lagt var af stað snemma dags laugardaginn 26. feb. og var ferðinni heitið að Skessuhorni, nánar tiltekið undir Skessukötlum.

Pegar rútan kom að Horni var veður mjög blautt, þannig að menn drifu sig í regngalla og síðan var arkað af stað í drullu og bleytu í átt að Skessuhorni.

Að leiðinni breyttist rigningin í slyddu og vind herti. Eftir u. þ. b. tveggja tíma göngu var hópurinn, sem taldi 20 manns, kominn undir Skessukatla. Í roki og slyddu voru skjólgardar hlaðnir og tjöld reist.

Eftir að menn höfðu snætt hafði kólnað í veðri og vind lægt. Þá var skipt í hópa og tekið til við hinar ýmsu æfingar í snjó með og án Ísexi.

Um kvöldið var gerð gryfja til að hanna snjóflóðaprófil og kynnt notkun leitarstanga.

Á sunnudaginn var veður bjart og gott. Þá voru æfðar tryggingar, broddameðferð og klifraðar léttar snjóklifurleiðir.

Um þrijúleytið var tekið saman og síðan röltu menn léttir í spori niður að veg þar sem rútan beið.

Páttakendur voru 17 og leiðbeinendur voru þeir Guðjón Ó Magnússon, Pór Ægisson og Halldór Guðmundsson. H.G.



Úr Tindfjallaferðinni 27.–28. nóvember. Ljósm. G. M.

Tindfjallaferð

Í Tindfjöll var farið helgina 27.–28. nóvember. Lögdum við af stað frá Grensásvegi á 3 bílum um 8 leytið á laugardeginum og ekið inn í Fljótsdal. Par settum við hafurtaskið á bakið og gengum fyrst upp í Sel með skíðin á bakinu. Þar áðum við en héldum síðan áfram upp í efstaskála. Ekki var farið lengra þann dag enda smá gjóla úti og mönnum boðið upp á pönnukökur.

Sunnudagsmorguninn var komið skaplegt veður og ákveðið var að skreppa á skíðum upp á jökul. Farið var alla leið upp á Ými. Á tindinum var logn og fagurt útsýni yfir Fjallabakssvæðið, en á bakaleiðinni fór að hvessa en niður við Tindfjallaskála var nokkur

vindur og dálítill skafræningur. Niðurleiðin, gekk vel þangað til að einn úr hópnum varð viðskila við hópinn rétt fyrir ofan Selið, en þá hafði veðrið versnað og skyggní minnkað. Gerðum við strax tilraun til að leita að hinum týnda en eftir rúma tveggja tíma leit í myrkri og illviðri ákvádum við að senda two menn til byggða til að biðja um aðstoð til leitar. Komu björgunarsveitir upp eftir um nöttina og til allrar hamingju fannst hinn týndi blautur og hrakinn en ágætlega hress.

Fórum við þá öll að sofa enda hafði dagurinn verið strangur og menn þreyttir. Morguninn eftir var veður ágætt og leituðum við Þá að bakpoka og skíði hins týnda en fundum ekkert.

Var því gengið niður í Fljótsdal og ekið í þeinn.

Páttakendur í ferðinni voru alls 10 og fararstjóri Guðjón Ó. Magnússon.

Skessuhornið

Lagt var af stað sunnudaginn 20. mars kl. 7 frá Grensásvegi og ætlunin að sigra Skessuna eitt skiptið enn, fyrir suma í 8 skiptið en aðra í 1 skipti.

Veðrið var hryssingslegt, allhvöss él, fjúk á milli og frost nokkuð.

Í byrjun hafði verið almennur áhugi fyrir ferðinni og 12 menn skráðir í hana, en aðeins 4 fóru þegar upp var staðið.

Í sjálfa sér er fátt eitt um ferðina að segja. Lagt var af stað frá Hofi um kl. 10,30 og vorum við komnir upp um kl. 14,00, veðrið afleitt, snjókoma og færðin eftir því, púðursnjór og klaki víða undir, einkum er ofar dró.

Petta var hressandi sunnudagsferð sem undirritaður hefði ekki viljað missa af, þó að skyggnið hefði getað verið betra. Við vorum komnir í bæinn um fimmleytið.

Árshátíð ÍSALP

Árshátíð ÍSALP var haldin föstudaginn 18. mars með allgóðri mætingu og var hin besta.

Komið hafði verið fyrir forlátu sófasetti, borðum og stólum, cinnig hafði verið séð fyrir músík, sem var leikin af snældum.

Boðið var upp á snakk, ídýfur og salöt. Allgóð stemning var er líða tók á kvöldið og um 11 leytíð voru bornar fram pizzur að ítölskum hætti og þóttu góðar.


Menn voru nú almennt nokkuð ánægðir með lífið og tilveruna. Áfram var haldið fram eftir nótta þar til fólkid flutti sig til upp í Breiðholt, þar sem áfram var haldið fram undir fótferðartíma.

O.G.

Úr ferð á Skessuhorn 20. mars sl. Ljósm. Ólafur Guðmundsson.



MÝ BÓK



Kennslubók
í fjalla- og ferðamennsku



ÖRN & ÖRLYGUR
Síðumúla 11, sími 848 66

Samt, aðeins um fjallgöngu

Formáli: Aðdragandi þessarar stuttu sögu er sá, að í ágúst síðastliðnum, skruppu þrír félagar suður í Alpa. Markmið ferðarinnar númer 2, 3 og 4, var það að reyna nú að tölta á nokkra tinda af alkunnu tömlæti.

Er grein þessi hefst höfðu félagnar klifið tvö fjöll. Grand Combin og Eiger. Báðar þessar ferðir voru sögulegar, þó Eigerferðin sýn meir. En þar tókst okkur að klífa vesturhlíðina frá Eigergletcher Station á aðeins 22 tímum (6–8 tímar uppgefnir í leiðarvís).

• Það var síðla ágústmánaðar, að ég fann fiðringinn. Pessa tilfinningu um að von væri á einhverju. Og það reyndist rétt, einhverjir hugðu á mig.

En ádur en lengra er halddið er réttast að ég kynni mig. Ég heiti Piz Seerscen og er fjall í Ölpunum, nánar tiltekið þá á ég heima í Bernina klasanum á landamærum Sviss og Ítaliu. Ég er 3927 m hátt og er frekar hlédrægt fjall. Forsíður dagblaða ykkar manna hafa sjaldan brosað nafni mínu, eins og hefur verið um mörg önnur fjöll í Ölpunum.

Ykkur kann að koma það spánskt fyrir sjónir að ég skuli segja þessa sögu. Enda er það skiljanlegt, því ég tala allt annað mál en þið. En með næmni og einbeitingu er það nú samt mögulegt. Öll hugsun mótask af reynslu og umhverfi, og ég er jú „umhverfi“.

Eins og ádur var minnst á, þá var mig farið að gruna að ég ætti von á heimsókn. Ég tók fljótlega að svipast um í næstu fjallaþorpurum, í því skyni að athuga nánar hvernig málín væru að þróast. Og viti menn, í lítlu hótelherbergi í St. Moritz varð ég var við samsvörum tilfinningaminna. EKKI var þarna um

neina auðmenn að ræða, því hótelherbergi þetta var aðeins einnar stjórn, og lúxusinn fólst í því að fá að sofa í rúmi og rifast um það hvort ljósíð ætti nú að vera slökkt eða kveikt.

Þrír félagar voru í þann mund að vakna. Nöfn þeirra voru skritin, í það minnsta kosti fyrir mig, fjallið. Einn hét Kiddi, sá annar Doddi og sá þriðji Porsi. Og svona var uppá-koman þennan morgun:

„Er rigning?“ spurði Porsi hálfsofandi.

„Nei“, svaraði Kiddi, og bætti við með fingur á lofti:

„Það er komið ágaetis veður, og sól skín í heiði úthellandi geislum sinum yfir sekja og saklausa“.

Oddur sat hinum megin í herberginu, strax farinn að totta bípuna sína og lesa um síðustu daga Sókratesar (heimspekingur uppi á fjórðu öld f. Kr.). Og nú var bara að vona að þessir dagar hans Sókratesar væru sem flestir, ekki af einberri manngæsku heldur vegna þess að Oddur var ágætur í þessum stellingum sinum.

Eigi dugir að drolla, og brátt voru þeir félagar risnir úr rekju og farnir að gera sig klára.

Fjallgangan hófst ekki þarna í St. Moritz, heldur tóku þeir ferðalangarnir nútíma tækni í sína þjónustu. Keyrðu þeir í bíl til næsta bæjar sem hét Pontresina en þaðan er mun styrra til míni.

Á leiðinni var gerð tilraun til að ræða svissnesk stjórnmal. En það er bara hreint út sagt gjörsamlega ómögulegt. Allt í toppreglu, engir Vimmar eða Gunnarar og kvenfólkið stendur allt ennþá við vaskinn (það væri nær

að ræða itölsk stjórnmal, en þau eru jatn ruglingsleg og samgöngukerfið þeirra og jafn óstóðug vegakerfi mörlandans í norðri).

Í Pontresina var bílnum lagt, byrðar axlaðar og lagt af stað upp í Tschierva-skálann. Þar sem ætlunin var að gista næstu nött. Skáli þessi stendur NV undir mér, og er býsna notalegur skáli, meira að segja hægt að kaupa björ.

Samkvæmt leiðarvísu tekur u. þ. b. 3½ klst. að labba upp í skálann. En Kiddi og Oddur virðust staðráðnir í að hneckja þeim tíma og örkuðu að stað með ofurhraða. Porsi tritlaði á eftir lafmóður, en dróst fljótt aftur ur vælandi um að nú væri löppin alveg að gefa sig. Nokkrum sinnum náði hann að hlaupa þá uppi (og ég meina hlaupa) og reyndi að fá þá til að hægja ferðina, með skynsamlegum rökum um hversu yndislegt það væri nú að rölt að svona úti í náttúrunni.

Upp í skálann komu félagnar eftir u. þ. b. 3ja tíma ferð, og var Porsi nú aldeilis ekkert hrifinn af þeim árangri. Þar var strax keyptur björ, og lífið var á svipstundu orðið dásamlegt aftur.

En aðeins í smá tíma. Því Kiddi hóf strax að ympa á þeiri afturför er orðið hafði í þessum skála, frá því er hann dvaldi þar tveimur árum ádur. Þá hafði fengist björ á flóskum, en nú var hann seldur í ópersónulegum tindollum. Oddur var nú ekki alveg á sama mál og mótmælti með allskonar hástendum rökum til stuðnings mali sínu, að það væri innihaldið sem skipti mál. Ytra byrði væri aðeins umbúðir utan um eitthvað eða ekkert. Porsi létt sér þetta litlu skipta, og naut bara þess að vera til. Pangað til Oddur hóf að benda á hann, sýnilega til að rökstýðja eitthvað í málí sínu:

„Sjáður nú bara Porsa litla. Hann er nú bara alveg agalega sætur, en ekki fer nú mikil fyrir innihaldinu“.

Eins og gefur að skilja varð Porski (ég meina Porsi), hvumsa við. Hann skveraði sig til og hugðist mótmæla kröftuglega. En hon-

um kom ekkert í hug. Og máli þessu lauk ekki fyrr en Porski (ég meina Porsi), hljóp upp á næstu kletta og hotaði að henda sér fyrir björg, væri hann ekki formlega beðinn afsökunar. Það var gert, og svo grétu þeir allir yfir fegurð okkar fjallanna.

Það sem eftir var dagsins, var slappað af. Félagarnir ræddu við aðra skálagesti um mig og mína líka. En ég baðaði mig í kvöldsölinni, og velti vöngum yfir því hvar stjórnurnar væru á daginn.

Strákarnir þrír fóru snemma í bólið því Kiddi og Porsi ætluðu að vakna kl. 3 um nöttina, til að vera komnir sem fyrst af stað. Oddur hafði aldrei ætlað sér lengra en upp í skálann. Ástæðan var sú, að hann hafði týnt helstu skjólflik sinni á fyllirii í Lichtenstein. Þar hafði hann farið á klósettið, klætt sig úr skjólflikinni (því það var rigning), labbað út fyrir aftur og pissað í nálagan runna. Síðan öslaði hann niður í tjald og för að sofa. Morguninn eftir þegar farið var að sakna flikarinnar, sást hvorki tangur né tetur af henni, þ. a. I. hafði Oddur tekið þá ákvörðun að verða eftir niðri, og helga sig síðustu dögum Sókratesar, en þeim fór nú óðum fækkanandi.

EKKI fór nú svo að þeir Kiddi og Porsi vökuðu kl. 3, því tölzuúrið hans Kidda hringdi ekki á réttum tíma, frekar en endraðar. Prátt fyrir þetta voru þeir komnir af stað, að mig minnir, laust upp úr 4. Veðrið úti var alveg dásamlegt, stjórnur glituðu á himnum og svalur blær lék um vangana. Kyrrðin var mikil, því jökullinn var ekki enn bráðnaður til lífs.

Þeir félagar hröðuðu fór sinni sem mest þeir máttu, í því skyni að nýta sér frosið hjarnið sem auðvelt var að ganga á. Áttu þeir í smá erfiðleikum með að rata réttu leið, en með hjálp höfuðljósanna tókst það nú samt.

Eftir að hafa krossað Tschiervaskriðjökulinn, héldu strákarnir upp með kletti nokkrum sem ber nafnið P. Umur (3273 m), þang-

að til þeir voru að nokkru leyti komnir undir mig, þar sem hin eiginlega fjallganga byrjaði.

Leiðin sem þeir ætluðu á mig lá eftir fjallara NV út frá mér. Samkvæmt kokkabókum ykkar mannanna, þá átti þetta að vera særilega krefjandi leið, í það minnsta fyrir þá félaga, Porsa og Kidda. Nafn leiðarinnar er Ísnefið (Eisnase), og ber nafn með rentu. Því i yktu máli þá má segja að þessi leið sé svipuð því að klífa andlit. Byrja á hökunni, smá erfiðleikar í vörnum, síðan erfiðasti hluti (crux) leiðarinnar, þ. e. (í)snefið. Eftir það aflíðandi labb ofaná nefinu og síðan brattur enniskafli.

En hvað um það, þeir voru að hefja gönguna upp hrygginn. Farið var að birta af degi. Og til SV hafði sólin rétt náð að sleikja toppinn á viðhaldinu minu, Piz Roseg (3927 m). En til NA gnæfði risinn í Bernina-Ölpum, frændi Piz Bernina (4005 m), ennþá myrkvaður á þeirri hlið er að mér snýr. Við himininn báru tveir skuggar, greinilega tvær menneskjur á leið á toppinn, og voru þetta síðstu mannaferðir sem ég varð var við, fyrir utan þessa tvo sem voru að brörlta á mér.

Er vinirnir voru komnir upp á hrygginn, tók við klifur eftir klettum sem lágu upp að ísnefinu. Ekki voru þetta mjög erfiðir klettar, en nýfallinn snjór gerði þeim erfitt fyrir. Hann var ekki nægilega mikill eða frosinn til að hægt væri að beita broddu n eða ísexi að ráði, og erfitt var að finna festur bæði til trygginga svo og fyrir skankana.

Jökullinn, afkvæmi mitt, var vaknaður og næstum orðið bjart af degi. Drunurnar í jöklinum mögnumust og mátti sjá að kapparnir voru hálf kvekktir á þessu, rétt eins og þeir byggjust við að tindarnir myndu molna undan þeim. En það var ástæðulaus ótti, og allt varð rólegt aftur.

Félagarnir hröðuðu sér sem mest þeir máttu, með „illuerbestaflokið“ hugsunar-



I hliðum Piz Scerscen. Ljósma. Þorsteinn Guðjónsson.

gangi, því tölverð spenna hafði hlaðist upp innra með þeim, sérstaklega er dró til nefsins.

Á lítilli snjósyllu undir nefinu var áð, og reynt að kyngja örlitum matarbita. Það gekk nú heldur treglega, enda mun það alltitt við þessar aðstæður. Því að eftir því sem hærra dregur breytist líkamsstarfsemin og verður öll mun örari, matarlyst þverr og hálferð uppreisn verður í musterí salarinnar.

Loks var ráðist í ísklifrið. Vopnaðir tveim ísóxum og með brodda á fótum. En nú kom ég strákunum rækilega á óvart, því axar- og broddafærí í nefinu var hreint út sagt, frábært. Sólin hafði ekki náð í vesturhlíðarnar, þ. a. l. var hjarnið enn vel frosið. Og mér sýndist þeir félagar mega hafa sig allan við, til að missa klifrið ekki út í skefjalausum striðsdans eða villt djæv. Nokkud erfitt var

þó að koma ísskrúfunum inn, og þurfti að hreinsa burt 15 cm lag af hjarni áður en komið var niður á trausta ís.

Er upp fyrir nefið var komið, tók við tíðindalaus ganga alllangan spöl upp að tindinum. En þar jókst brattinn aðeins, og voru því settar þar inn nokkrar tryggingar, því fallhæð var tölverð. Færð var ekki eins gott barna uppi og í nefinu, snjóinn var lausari og tryggingar ekki eins öruggar. En brátt náðu félagarnir á topphrygginn, og nú voru aðeins nokkrir metrar á toppinn.


Topp hryggurinn er eins konar klettaranir sem liggur frá suðri til norðurs. Bergið í honum er mjög laust, en með því að sveigja inn á milli grjóthnnullunga (og reipið þar með líka), þurfti ekki að hafa of miklar áhyggjur af tryggingum.

Að tindinum var staðið laust upp úr hádegi.

Og hversu unaðslegt er það ekki fyrir unga menn að standa á toppi fjalls. Erfiðleikar að baki. Verustundin á tindinum verður einskonar stund milli stríða, þangað til að huga þarf að niðurförinni. Og með annan fótinn í Sviss og hinn á Ítalíu, nutu strákarnir þessarar stundar í sameiningu á meðan þeir mauluðu í sig kex.

EKKI ætluðu þeir að fara niður sömu leið, heldur ráðgerðu þeir að fera sig eftir hryggnum til suðurs og síðan niður Ítalíu megin. Og þar sem tekið var að halla á daginn, tygjuðu þeir sig fljótt til niðurferðar.

Færðin hafði versnað til muna, hvortveggja ísaxirnar og broddarnir skáru snjóinn og íðulega runnu strákarnir aðeins niður áður en viðnám fékkst. Petta gekk nú samt særilega og skiptust þeir á að leiða út hrygginn, þannig að annar tryggði með ísóxinni.



FÉLAGAR!

Skrifið í Alpatímaritið, sendið myndir eða bara eitthvað er viðkemur fjallmennsku. Efnið er hægt að senda í pósthólf klúbbsins nr. 4186.

Eða bara hafa samband við meðlimi ritnefndar.



Á toppnum á Piz Scerscen í Bernina Ólpum.
Ljósm. Þorsteinn Guðjónsson.

Gilið sem þeir ætluðu niður sneri í suð-austur, þ. a. l. höfðu geislar sólarinnar náð að verma það síðan snemma um morguninn. Petta bakaði þeim tölverð vandræði, annars vegar vegna færðarinnar í gilinu sjálfa og hins vegar vegna grjót- og ishruns.

Pessi niðurför reyndist þeim erfið. Brattinn er svo mikill að þeir urðu að labba aftur á bak og nota báðar ísaxirnar. Snjórinn festist undir broddunum, og þurftu vinirnir að stoppa í sífelli og hreinsa hann burt. En það sem var kvalarfyllst var þorstinn, sem ágerðist mjög þarna í sólinni. Peir voru orðnir vatnslausir, og ekki bætti úr skák að eftir gilinu miðju seytlaði lækur undir glerum klakanum. Lækur þessi var samt ekki innan

handar, því strákarnir urðu að halda sig í óðrum gilbarminum vegna stöðugs hruns niður mitt gilið.

Loksins, loksins voru þeir komnir niður gilið, og eitt er víst að þó öll heimsins gædi hefðu verið í boði, þá hefðu þeir ekki skipt á þeim og unaðslegum vatnssopanum sem þeir fengu sér úr lækjarsyru neðst í gilinu. Það slaknaði á spennunni, því nú var eingangis eftir rölt niður afliðandi brekku sem lá niður skarðið þar sem ég og Roseggini höldumst.

Kiddi og Porsi voru ekkert að flýta sér úr þessu. Í miðri brekkunni voru þægilegir stöll-þttir klettar, þar var áð, og félagnir virtust öruggir með sig.

Þeir tóku koppana af höfðinu, gortuðu svolítið og á meðan fékk Porsi sér sígarettu, svona rétt til að undirstrika karlmennsku sína.

Uppi í hlíðinni á Piz Bernina, Ítalíumegin, stendur skáli. Um skála þennan hef ég ekkert að segja á þessu stigi málsins, heldur en það að þið mennirnir hafið svívert mig með því að kasta öllu rusli niður hlíðina. Og nú er svo komið að skriðjökullinn er meira eða minna þakinn úrgangi, tómum dósum og fleiru.

Er ég leit á þetta í kvöldsólinni, fylltist ég stundarbræði. Ég ákvað að senda mönnunum skeity.

Parna stóðu þeir, Porsi og Kiddi, með glott á vör. Svo ég ákvað að senda skeity þetta með þeim í formi nokurra grjóthnullunga.

Hetjuglottin stirnuðu og breyttust í skelfingarsvip. Skjöl var litíð að fá, og ég eitt réði hvar sendingin lenti.

Boðin komust til skila, og ég horfði á eftir þeim hraða för sinni á brott, með mig í huga en soldið annað í buxunum.

Mottó: Fjallgöngumenn skynja hættuna sem þeir er í. En þeir ættu líka að skynja hættu mína, þá hættu að verða útslið fyrir aldur fram.

ALPAKLÚBBSMEÐLIMIR

Hafið þið hugleitt hve hagkvæmt er að nota sérleyfisbílana til að komast á áfangastað.

Ferðamöguleikar sérleyfisbifreiðanna eru óteljandi.

●
Ferðaskrifstofa BSÍ býður ykkur hina vinsælu

HRINGMIÐA eða **TÍMAMIÐA**

til hagkvæmra ferðalaga innanlands.

●
Leitið upplýsinga hjá BSÍ.



BIFREIÐASTÖÐ ÍSLANDS
ICELAND MOTOR COACH
SERVICE

UMFERÐARMÍÐSTÖÐIN V/HRINGBRAUT
REYKJAVÍK - TEL: 22300

Ársskýrsla stjórnar ÍSALP 1982

Hið nýliðna sjötta starfsárs ÍSALP hefur að mörgu leyti verið frábrugðið hinum fyrri og kemur þar aðallega tvennt til. Er það annars vegar skálabyggingin og hins vegar sá misbrestur sem var á útgáfu blaðsins.

Smíði skálans hófst í janúar og var smíðað fram í apríl á plötunni í byggingu Sturlu Jónssonar í Garðabæ. Síðan var skálinn fluttur þangað sem hann er enn, á lóðina hjá Árna Reynissyni í Arnarnesinu. Er hann nú fullbúinn og biður flutnings. Farnar voru tvær ferðir upp í Botnssúlur, önnur í mars og hin í október og grunnurinn kláraður. Smíðinni hefur stjórnad Guttormur Þórarinsson en auk hans báru hita og þunga af verkinu þeir, Jón Rafnsson, Jón Geirsson, Jón Ólafsson og Guðjón Ó. Magnússon.

Aðeins eitt blað kom út á árinu og má rekja það til þess að ritnefnd hefur verið næsta óvirk seinni hluta ársins þar sem ritnefndarmenn hafa verið mjög uppteknir í skólum og öðrum störfum. Einnig má geta þess að eitt tölublað hefur beðið nánast tilbúið til prentunar síðan í ágúst en myndirnar sem í því áttu að vera misfórust. Gekk mjög brösuglega að hafa upp á þeim og mynda í þeirra stað en tókst þó á endanum. Er þetta blað nú í prentun. Stjórnin hefur unnið í því að koma á fót starfhæfri ritnefnd að nýju og hefur það vonandi tekist náuna.

Félagar klúbbins um áramót voru 305 og er það fjölgun um 25 á árinu. Af þessum 305 höfðu þó ekki nema 205 greitt árgjöld um áramót en það er svipað hlutfall og í fyrra. Er það mjög slæmt hve seint og illa margir borga árgjöld sín og er athugandi hvort grípa

eigi til annarra innheimtuðferða en gíro-seðla. Á árinu borguðu 45 manns árgjöld fyrir 1981 og 2 fyrir 1980. Í 60% verðbólgu er svona seinlaeti mjög bagalegt.

I gestabókina á Grensasveginum var kvittað milli 600 til 700 sinnum á árinu og er það heldur lægri tala en í fyrra. Virðist vera nokkur misbrestur á því að menn skrifi nöfn sín og er það miður því gestabókin getur verið skemmtileg heimild. Opin hús voru eins og venjulega á miðvikudagskvöldum og voru þau ágætlega sótt og sýndu margir myndir eða héldu erindi.

Árshátið var haldin í apríl og var hún ágætlega sótt og þótti heppnast vel. Verður þessum síði haldið hér eftir.

Nokkuð var keypt af bókum á árinu í bókasafnið. Óskandi væri þó ef hægt væri að gera miklu meira af því og koma einnig upp góðu kortasafni. Núna nýlega voru tekin upp útlán úr safninu og er eftir að sjá hvernig það reynist.

Myndasýningar voru þjár á árinu á Hótel Loftleidum. Í janúar sýndi Philippe Patay myndir frá Nepal, í febrúar sýndi Hreinn Magnússon myndir vítt og breitt af landinu og í nóvember sýndi Helgi Benediktsson myndir, auk þess sem sýnd var kvíkmynd um fjallaskíði. 50–70 manns sóttu hverja sýningu.

Efstiskáli í Tindfjöllum var í okkar umsjá sem ádur og er hann í sæmilegasta standi. Farin var vinnuferð í haust og skálinn þrifinn og lagfærður.

Almennar ferðir voru 13 með tæplega 140

þáttakendum og er það 2 ferðum og næstum 50 þáttakendum fleira en í fyrra. Tvær þessara ferða voru vinnuferðir í Botnssúlur og ein í Tindfjöll. Ferðanefnd sá um gerð ferðaáætlunar og skipulagning ferða.


Námskeiðahaldið var með miklum blóma á árinu en alls voru haldin 6 námskeið. Vin-sælust er ísklifurnámskeiðin, en þau urðu þjú, eitt í vor, og tvö í haust. Vetrarnámskeið fór fram í febrúar, bergklifurnámskeið í júní og rötunarnámskeið í nóvember. Fjöldi þáttakenda og kennara varð alls 125. Samanlagður fjöldi í ferðum og í námskeiðum var því milli 260 og 270 manns en sama tala í

fyrra var 162. Er því mikil gróska í þessum þætti starfseminnar og er það vel.

Stjórnarfundir urðu 11 á árinu. Stjórn skipuðu Guðjón Ó. Magnússon, formaður; Torfi Hjaltason, varaformaður; Halldór Guðmundsson, gjaldkeri; Magnús Guðmundsson, ritari; Róbert L. Tómasson, spjaldskrárritari og Vilborg Hannesdóttir, meðstjórnandi.

Að lokum vill stjórn ÍSALP þakka öllum þeim sem unnu störf fyrir klúbbinn á liðnu ári í nefndum, fararstjórn, kennslu, skála-smíði eða með annarri vinnu fyrir sitt framlag.

Stjórn ÍSALP.




Félagar!

**Kaupið eintök af eldri tölublöðum
tímarits ÍSALP.
Þau eru til sölu í félagsheimilinu á
Grensásveginum og kosta kr. 60
stykkið.**

Ritnefnd.


MYNDAOPNAN:

Ljósm. Hreinn Magnússon



Ísklifur í Esju.

Pumall.



Um ísklifur, gráðukerfi og tryggingar, o. fl.

Í ísklifri er mun erfiðara að gera sér grein fyrir gæðum trygginga en í bergi. Í klettum sést (eða heyrist!) yfirlítt hvort hneta er föst eða fleygur vel rekinn. Ís springur líka, gagnstætt bergi, og iðulega verða menn að dæma ísinn og trygginguna eftir yfirborði íssins. Vegna þessa er mikilvægt að vanda val tækja í milli- og aðaltryggingar, ganga vel frá þeim og afla sér dálitillar þekkingar á is.

Pistillinn fjallar m. a. um ísgerðir og einnig um nýja tillögu að íslensku gráðukerfi.

Eiginleikar íss.

Ís er til af þremur gerðum: Vatnsís (frosið rigningar- eða leysingavatn), hjarnís (snjör sem harðnar með tímanum og veðrabrigðum) og jökulis (snjór myndbreytist, m. a. vegna þrystings).

Vatnsís getur verið ýmist stökkur og harður eða morkinn. Í frostum er hann gjarnan stökkur og hann linast mjög snögglega ef hitastig hekkar. Ísinn er líka afar heillegur og lítð blöðróttur, m. a. vegna þess að hann verður til úr vatni sem inniheldur lítið loft. Vatnsís svarar vel auknu frosti, en þá hefur allur ís tilhneigingu til að harðna. Hreinn ís getur orðið á móta harður og stökkur og gler við 35 stiga frost! Pegar við bætist að ísfossar (algengasti vatnsís sem menn klifra) eru jafnan mjög brattir og um þá rennur strax vatn ef hitastig nálgast frostmark (eða lindar-

vatn þótt frost sé) er ljóst að ísfossar geta verið varasamir.

Hjarnís er morkinn djúpt niður eins og vatnsís ef þiðan er langvinn. Hann er mun blöðróttari en vatnsís og vatn nær að síga fljótt í hann. Margfrystur hjarnís verður feikna seigur. Í frosti er hann ágætt ísklifurlendi og hættur fyrst og fremst af tvennum toga. Samloðun íss og bergsins undir getur verið slæm, t. d. vegna mikillar bergmylnsu á milli. Punnur snjor á ísnum minnkar festur mannbrotta.

Jökulis er vissulega blöðróttur (gömul bil milli hjarnkorna), en hann er um leið mjög samþjappaður vegna þrystings og spennu í jöklinum. Hann er eiginlega alltaf harður. Í hörkufrosti verður hann beinharður en í þíðu morkna bara efstu sentimetrar níð og verða hrufóttir. Jökulis er mikil lagskiptur og sum (hvítari) löggin eru þægilegri festur fyrir t. d. axarhyrnu en önnur (glær).

Nýtt gráðukerfi?

Einhvern veginn verða menn að hafa gráðukerfi þannig að þau séu ekki of nákvæm en gefi samt sæmilega mynd af fyrihuðu klifri. Og að auki hafa menn ekki reynt að gera eitt gráðukerfi að „hinu eina“ alþjóðlega. Við höfum notað skoska kerfið í ísklifrinu – sem miðast við lænur og klökuð hamraþil, þótt ekki sé það tekið fram í

gráðulýsingunum. Að fenginni reynslu finnst mér skoska kerfið stundum óhentugt. Til dæmis er ekki hægt að gráða Öræfajökuls-eða Hrútfjallaleiðir með því. Eins tel ég að t. d. 20 m löðréttur ísfoss falli illa bæði að lýsingu á 3. og 4. gráðu kerfisins. Vegna íslenskra aðstæðna (sem eru um margt óliskar þeim skosku) vantar gráðukerfi sem tekur mið af atriðum eins og jöklusí, einangrun leiða og mikilli lengd margra leiða með afar misjöfnum lykilstöðum. Ísfossarnir verða líka að falla að gráðunum.

Ég tel að ísl. fjallamenn eigi að sækja fyrir-mynd að gráðun snjó- og ísleiða og bland-aðra leiða til Bandaríkjanna (sbr. Jeff Lowe: Ice Experience).

Mín tillaga er þessi: Segjum frá klifurlengd (læna, o. s. frv.), lengd leiðar í hæðarmetrum, heildarerfiðleikum (rómversk tala), ísgerð og erfiðustu spönn (0 fyrir göngu, 1–6 fyrir ís og 5.1–5.12 fyrir frjálst klettaklifur).


Dæmi:

NV-Skessuhorn	Veggur, 250m, IV.HÍ, 4
Kistufellshorn	Brekka/Lena, 350m, II.HÍ, 1
Grafarfoss	Foss, 65m, III.VI, 4–5
Gigjokulseði	Skiðjokull, 700–1500m, III.IJ, 2–4
Hyrningsleitið(Snaefellsjökull)jökulbrekka	600m, II.0
Hvannadalshryggur	Klettar/jökull, 1800m, III, 2/5.2
Svöðustúla, suðurhlíði	Brekka, 300m, I.HÍ, 1

Með þessu hef ég alls ekki skilgreint kerfið og þaðan af síður unnið að skipan klifurleiða í það. Allt slíkt þarf að ræða fyrst innan ISALP og vinna í hópvinnu ef menn eru hlyntr breytingum.

Aðal- og millitryggingar


Hér verður ekki minnst á tryggingar í snjó, aðeins í ís. Í vatnsís (ísfossum) er mikilvægt að hafa fremur margar millitryggingar. Margir fossanna eru ekki hærri en svo að ein eða tvær aðaltryggingar ættu að duga.



Nr. 1:


Slæm millitrygging. Skrúfan stendur of langt út úr ísnum og hann er mjög sprunginn.

Reynslan sýnir að venjulegar ísskrúfur er erfitt að nota sem millitryggingar í bröttum, hörðum ís, einkum vegna þess hve erfitt er að skrúfa þær inn, sjálfur meira eða minna hangandi utan í ísnum. Bestu millitryggingar nú eru Salewa-rörin (snargrör), sem má lemjá inn en skrúfa úr með hendi einni saman. Í jökul- og hjarnís eru ísleygar (eða fyrnefnd rör) oft ágaetar millitryggingar. Algengastir eru svartir Salewa-fleygar (til frá öðrum fyrirtækjum) – oft nefndir vörtusvín eða warthog á ensku. Venjulegar ísskrúfur henta líka, sérstaklega ef brattinn er ekki mjög mikill. Helst verður að gæta að þrennu við millitryggingar. Fjöldi þeirra og fjarlægð milli hvorrar verður að fara eftir aðstæðum. Ein trygging á 5 m kafla er lágmark ef bratti er 80–90°. Í öðru lagi ættu menn ávallt að hyggja vel að hvort ísinn hafi sprungið ótæpilega við innsetningu tryggingarinnar. Ónýt millitrygging er á mynd 1. Priðja atriðið er þetta: Hornið sem áhaldið myndar við íslflötinn verður að vera þannig að átakið við fall sé sem minnst upp eftir




Nr. 2:

Átak verður að koma SEM MEST HORNRETT á skrúfuna. Oft er gott að búa til gróp fyrir hana (3ja skrúfa að neðan). Í lóðréttum is er slíkt afar erfitt og þá reynt að skrúfa eða berja áhaldidlöðrétt í isinn eða dálitið á ská niður (efsta skrúfan).



Nr. 3:

Góð aðaltrygging í bröttum is (S), eru ísskrúfur, K karabínar og HMS er sérstakur læstur perukarabíni. L er sjálstrygging tryggjandans (t. d. hestahnútur, áttuhnútur) en LT er linan til þess sem klifrar, gefin út um hálfbragð (ítalska bragðið).




Nr. 4:

Fyrst er búin til lykkja eins og sést á vinstri teikn. Þá er x-hlutinn færður yfir að y-hlutanum. Karabína (HMS) er stungið opnum eftir örurvnum á hægri myndinni og læst. Svarta örín sýnir stefnu til klifrara en lítt örín endann sem matað er með.

legg þess, sjá mynd 2. Og auðvitað þarf að nota lykkjur til að sneiða hlykki af linunni.

Ég hef mun oftar séð lélegar aðaltryggingsar en millityrggingar hjá ísl. fjallamönnum. Menn nota gjarnan eina skrúfu og tengja sig og klifrarann báða í hana. Þetta getur



gengið í mjög traustum ís og stuttri spönn, en oftar tel ég svona aðfarir gera meira sálfrædilegt gagn en hitt. Að auki nota allt of margir ekki viðurkennt bragð til að búa til eftirgæfa tryggingu. Menn festa línum nærrí enda og bisa svo við að láta hana renna um líkama sinn eða nota einhvern skollavinding um karabínu í skrúfunni. Lágmarksaðaltrygging er sýnd á mynd 3. Karabínan er af HMS-gerð (læstur perukarabíni), og honum stungið í vindling á annarri ræmu lykkunnar (ef önnur skrifan svíkur) og notað er hálfbragð (mynd 4). Þrját skrifur í röð eða þríhyrningi koma líka til greina ef mikil liggur við eða þá tvær bundnar saman í átaksílnuna með ræmu og fiskihnúti (eða tvöfaldri 5 mm línu). Erlendis hafa tilraunir sýnt að tvær skrifur og hálfbragð þarf til að taka fall manns 20–40 m í 50–60° halla.

Ný aðferð við sprungubjörgun.

Austurrískir fjallamenn hafa þróað snjalla aðferð til að komast af sjálfsdáðum upp úr jöklusprungu ef línan hefur skorist djúpt í barminn. Eftir að menn hafa „gengið upp“ sprunguna með prússikböndum, gera þeir sem hér segir:

Annar fótur er losaður úr bandinu og lykkjan stytt í 10–20 cm (án þess að losa hnútinn), síðan er lykkjan fest í karabína í klofrenninginn í beltinu. Maður sest í þessa lykkju. Þá er hinn fóturinn losaður og su lykkja stytt í 10 cm. Lausi endinn er festur í karabínu í brjósthluta beltisins. Svo er fótum sprynt í sprunguvegginn og mjáðmir spenntar upp, en kloflykkjan færð upp. Þá sest maður upp og færir brjóstlykkjuna hærra. Pannig gengur í vixl og fótum ávallt sprynt í vegginn. Eftir því sem menn hækka dregst línan út úr skorunni og undir lokin liggur jökulfarinn nærrí láréttur í loftinu. Loks er að taka ofar-

lega í línuna (sem nú er laus) og vippa sér upp á barminn.

Áðferðin er mun betri en allt vesenið við að grafa sig í gegnum hengju eða efsta hluta


sprunguveggjarins, en vissulega krefst hún lagni. Í Austurríki þótti kapólskum hreinlífismönnum hún dónaleg, en við erum öllu vön hér.



Ferðafélag Íslands

BÝDUR UPPA' FERDIR UM
ALLT LAND

SÍFGI OG BIKKI



TAKMARKIÐ ER - „HNETUDÚFUR“



Mönch, séð af toppi Eiger.

Fréttapistill

Esjan — Virkið

Hinn 29. ágúst síðastliðinn var „Virkið“ unnið í þróðja sinn.

Jón Geirsson var þar að verki og kleif hinn 150 metra háa vegg „Sóló“. Veður var mjög gott þennan dag, sól, hiti og lítilsháttar andvari.

Klifið gekk mjög vel og tók það hann aðeins um eina og hálfu klukkustund að komast upp á brún. Leiðin felur í sér IV gráðu hreyfingar og þurfti hann aðeins einu sinni að nota línu sér til öryggis. Pessutan fór klifið fram án trygginga. Leiðin var sú sama og farin hefur verið í fyrra ferðum.

ENN EIN ALPAFERÐ

Alltaf fjölgar þeim félögum ÍSALP sem reyna fyrir sér í Ölpunum. Í júní-júlí dvaldi Ari T. Guðmundsson í Pýskalandi, Austur-Ísland og Sviss. Hann kleif þar nokkrar leiðir með þarlendum kunningjum og fékk að vera aukaþáttakandi á námskeiðum DAV í Öztal-ölpunum fyrir fjallaleiðsögumenn og lengra komna ísklifrara.

Í Bayern fór Ari eina klettaleið IV⁺,500 m (Zwölferkante) og svo traversu (III) yfir á næsta tind í Wettersteinfjöllunum. Hann reyndi sig líka í frábærum klettaklifurgardí München-borgar. Í Austur-Ísland lá leiðin upp fjóra norðurveggi skammt frá Taschach-hauss-skálanum. Þetta voru 250m–600m leiðir með 45–50° meðalbratta, en stundum brattari spönnum.

Á Zermatt-svæðinu fóru fjórir dagar í háfjallaleið frá Klein-Matterhorn yfir Breithorn, Castor, austurhluta Lyskamm og Lud-

vigshöhe – Signalkuppe á Monte Rosa. Hvergi var um erfitt klifur að ræða og gist í skálum í 3200–4500 m hað.

Sumarið 1982 dvöldu 8 félagar ÍSALP í um 3 vikur í þorpinu Chamonix við rætur Mont Blanc. Tíminn var notaður til að ganga á fjöll og tinda í kringum Mont Blanc eins og veður og aðstæður leyfðu. M. a. var farið á Aiguille De Argentiere, 3902 m, Tour Ponde, 3792 m og Mont Blanc, 4807 m. Auk þess var farið á nokkra smærri tinda og klifrað í Borou-skriðjökulinn (aðstæður svipaðar og í Gígjöklum). Veður var nokkuð óstöðugt, það gaf á fjöll í 2–3 daga og síðan kom kannski annar eins kafla af slæmu veðri.

Í ferðinni voru Anna Lára Friðriksdóttir, Anna G. Lindal, Ásdís Steingrimsdóttir, Guðmundur Pétursson, Guðrún P. Magnúsdóttir, Óskar Knudsen, Magnús Guðmundsson og Torfi Hjaltason.

Helgi Ben., Arnór Guðbjartsson, Jón Geirsson og Snævar Guðmundsson héldu niður í Alpa síðastliðið sumar og dvöldust þar um nokkurra vikna skeið. Klifu þeir nokkra tinda, og voru þeir allir í svissnesku Ölpunum. Skal þar fyrst nefna Matterhornið og Mönch, en einnig fóru þeir nokkuð erfiða leið (AD+) á Breithorn. Klifu þeir fjallið að norðan yfir leið sem heitir Triftjigrat.

Fuglarnir í bjargi Austur-Horns fengu heimsókn manna sumarið 1982. Þar voru á ferð Einar Steingrímsson og Björn Villjálmsson. Klifu þeir mjög erfiða leið sem að líkendum er sú erfiðasta sem hingað til hefur verið klifin í klettum (nánar í síðara tbl. ÍSALP).

Ferð á Mount Rainier

„Fyrst við höfum gengið á Mont Blanc og nokkur önnur 4000 m há fjöll þá skulum við endilega skreppa upp á Mount Rainier þegar við erum í Seattle næsta sumar. Við megum ekki sleppa tækifærinu“.

Pannig komst ferðafélagi minn, Pór að örði, þegar við vorum að skipuleggja ferð okkar um þjóðgarða U.S.A. síðastliðið sumar.

„Já, því ekki það“, svaraði ég. Og þá var

allt ákveðið og gangan upp, sett inn á áætlunina 4.–5. ágúst (1982).

Þegar dagurinn loks raun upp var búið að vera stanslaus rigning umhverfis fjallið í 3 vikur, og einmitt á þeim árstíma sem að 94% allra skýrslna um veðurfar gera ráð fyrir sól. Líklega á staðurinn eitthvað sam-eiginlegt við annan stað sem við þekkjum öll! En áælun okkar var stíf og ákveðið að fara upp hvernig sem viðraði, og viti menn, þegar íslensku mikilmennin komu að fjallinu

Mount Rainier 4392 m.



þá hrökkluðust öll ský í burtu eins og nafni hans Pórs úr goðafræðinni hafi lyft hamrum sínum og skipað úrkomunni að fara í var. Gangan upp var mun erfiðari en við áttum von á, enda vorum við dálítið bjartsýnir. Við ætluðum frá sjávarmáli og upp í 4392 m hæð á einum sólarhring og urðum strax varir við þunna loftið í Camp Muir sem er í aðeins 3000 m hæð. Þar er fjallakofi, ef kofa skyldi kalla, því hann var meira í líkingu við skýli, enda hlaðinn úr grjóti og með frumstæðum innréttungum. En betra var þó að vera „inni“ en að sofa í tjaldi.


Næsta morgun, eða nótt, því við vöknudum kl. 1.00, lögðum við Pór af stað upp á topp, en stelpurnar urðu eftir í Camp Muir kofanum. Við fylgdum vel merktri slóð, svipað og á venjulegu leiðinni á Mont Blanc og var vonlaust fyrir okkur að villast af leið nema þá að klifra upp úr göngubrautinni Pótt leiðin sé greinilega fjölfarin kom það okkur á óvart hve „hættuleg“ leiðin er, þ. e. hún lá um gapandi sprungur, sumar margra tuga metra á dýpt, varasamar snjóbrýr og íshrunsvæði. En þar fórust 11 manns í fyrrsumar, þegar ísbjörg hrundi yfir hóp manna,

sem var þar að fá sér kaffisopa í sakleysi sínu og virða fyrir sér hið fagra útsýni.

Pegar upp á toppinn var stigið var um 10 gráðu frost og gola. Ekki varð dvölin þar löng aðeins nóg til að taka mynd og sanna dvöl okkar þar og sturtu ofan í sig kakói og brauðsneið. Við skruppum yfir topp gíginn til að sjá hinu megin, en mjög viðsýnt var af topnum og ef fjallið væri staðsett við Færeyjar, þá hefðum við séð Ísland og Skotland aðeins með því að snúa okkur við, en við saum „bara“ yfir norðvestur hluta Banda-ríkjanna.

Á niðurleið gerðist fátt og við stefndum beint á Camp Muir. Þangað vorum við komnir um kl. 11.00, en þar voru stelpurnar ný vaknaðar. Við tókum dótíð okkar saman, kláruðum nestið, röltum niður Muir snæ-breiðuna og virtum fyrir okkur ýtsýnið. Mikil hlýnaði á niðurleið og við bílinn vorum við komin í stuttbuxurnar, umkringd ýmsum fögrum alpablómum. Mikil tilbreyting frá lopapeysunni og föðurlandinu aðeins nokkrum tímum fyrir.

Við ókum svo beint til Seattle öll ánægð með gönguna.



ÍSALP merkin

**fást í Skátabúðinni
og á Grensásveginum**

Pau kosta 100 kr.

Styrktaraðilar

Bikarinn sf.

Skólavörðustíg 14, s. 24520 eða 17054

Múlakaffi

Hallarmúla, s. 37737

Teigabúðin

Kirkjuteig 19, s. 32655

Rafkraft hf.

Grensásvegi 5, s. 81750

Formprent

Hverfisgötu 78, s. 25960


Radíóbúðin

Skipholti 19, s. 29800

Pálmason og Valsson

Klapparstíg 16, s. 27745

Farið út í frost og snjó
á felustað einn lítinn
aldrei máttu gleyma þó
að muna að fela skítinn.



Nýjar starfsreglur fyrir fararstjórn ÍSALP

Staða fararstjóra í ferðum ÍSALP hefur til þessa verið sú, að útvega farartæki og skrá þátttakendur. En aðrar ákvárdanir hafa síðan verið teknar við sem flesta. Þetta hefur þótt bæði viðkunnanlegt og frálfmannlegt, en svona „skipulag“ má rekja til upphafsára klúbbssins, þegar flestir þátttakendur klúbbferða voru fólk með talsverða reynslu að baki.

Í dag eru nýliðar fleiri, og er ekki nema gott um það að segja. Þar af leiðandi gegna ferðirnar því hlutverki, frekar en ádur, að gefa þeim reynsluminni kost á að þjálfast og kynnast fjöllum. Við höfum viljað halda sem lengst í gamla formið, en reynslan sýnir að þegar óreyndir eru með í ferðum, þarf meiri aðgæslu við. Þess vegna hafa stjórn og ferðaneftnd útbúið eftirfarandi reglur, fyrir fararstjórn, til að vinna eftir:

1. Sjá til þess að allir sem ætla með, séu örðnir 16 ára.

2. Sjá til þess að allir sem ætla með hafi nægilega reynslu fyrir ferðina.
3. Velur leiðina, ábyrgur fyrir hópnum.
4. Einnig skal fararstjórnin velja mann til að reka lestina, sem skal sjá um að enginn hellist úr og láti vita ef einhver stansar.
5. Hefur með sér íbakpokanum: aukaffatnado, kort, áttavita, flautu, vasaljós, sjúkratösku, neyðarmat, álteppi, vað og SKÓFLU.
6. Skilur eftir uppl. um ferðatilhögun, hópinn (nafn, sími, bílar og bílnúmer) hjá formanni, í félagsheimilinu og hjá ábyrgumanni í bænum (sbr. leiðarspjald).
7. Heldur hópnum saman. Stansar við höft og biður eftir að allir séu komnir og heldur gönguhraðanum við hægasta mann.
8. Gengur úr skugga um að allir í hópnum hafi viðeigandi útbúnað (sbr. lista). Enginn illa útbúinn fær að vera með (sérstaklega mikilvægt að vetrarlagi).
9. Ef áætlun breytist, skal skilja miða eftir í bílnum.

FERÐANEFND.



„Skálinn“ — Magnús á leið í bólíð.

Hreinn Magnússon

Grafarfoss

Fyrst klifin að sumarlagi „HA“.

Það var norðan nepja að morgni sumardagsins fyrsta og ekki beint vorlegur dagur þegar við Höskuldur brunuðum í gegnum Mosfellssveitina. En það hentaði okkur ágætlega því meiningin var að kíkja á ísfossa í Esjunni.

Í undirhlíðum Kistufells fyrir ofan bæinn Gröf er myndarlegur ísfoss, um sextíu metra háð og fjórða gráða að erfiðleikum. Þetta fannst okkur félögunum tilvalið verkefni, enda reynt ádur við djöfsa en ekki tekist.

Greiðlega gekk að komast í gegnum hrossataðahrúgurnar á afleggjaranum að Gröf. Léttstígir skeiðuðum við upp að fossinum, sem skartadí sínu fegursta.

Hössi lagði í fyrstu spönnina og gekk bara vel. Ég stóð fyrir neðan með glamrandi góma

og fann hvernig hordrullan í nasarholunum seig niður í garnir í hverri skjálftahrinu.

Loks eftir tuttugu metra klifur kom Hössi fyrir aðaltryggingu og ég gat lagt af stað. Greiðlega gekk að losa út milli tryggingar og ádur en ég vissi af var ég kominn upp að hlið félaga mins.

Eftir smá pásu héldum við áfram. Ísinn varð ógeðslegri eftir því sem ofar dró. Að sama skapi varð ég stressaðri, en gat slakað aðeins á þegar mér tókst að koma góðri millitryggingu fjórum metrum fyrir ofan Hössa. Það var skammgóður vermir því ískelin var á kafla aðeins 10 cm þykk og þar á bak við rennandi vatn. Mér sem hafði verið svo óskaplega kalt ádur, en var nú orðið afskaplega heitt. Með því að þraða sling utanum grýlukerti fékk ég smá sálarstuðning til að komast seinustu þrjá metrana upp á syllu. Par fyrir ofan var brattinn minni. Fögnumurinn var mikill að vera laus úr þessum hroða. Seinustu 25 metrana klifraði ég upp á brún og naut þess til hins ýtrasta. Skömmu síðar kom Hössi upp og var sammála mér um að þetta væri ágæt byrjun á sumrinu. Síðan brunuðum við í bæinn.



„MIKLI FJALLAANDI“

„Sjáðu til þess að ég dæmi ekki félaga minn fyrr en ég hef gengið (eða klifrað) í skónum hans“.

VÖRUR SEM VANDAÐ ER TIL



MoAc

Camp
Trails

karrimor
International Ltd.

AVENUE FISHAK, BILLERICA, MASSACHUSETTS, U.S.A.

ajungilak



Black's
of Greenock

ultimaté

Paraboot - Galibier

SALEWA

Kastinger



SKÁTABÚÐIN

SÉRVERSUN
FYRIR
FJALLA- OG
FERDAMENN.

SNORRABRAUT 58 SÍMI 12045

Rekin af Hjálparsveit Skáta Reykjavík